



# KOSNING UM SVEITARFÉLAGIÐ AUSTURLAND

Kjördagur 26. október 2019

Kosið verður um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar, laugardaginn 26. október 2019. Opnað hefur verið fyrir utankjörfundaratkvæði og hægt er að kjósa hjá sýslumönnum um land allt.

## Um bæklinginn

Bæklingur þessi er byggður á skýrslu nefndar um sameiningu sveitarfélaganna, sem aftur var byggð á niðurstöðu starfshópa og íbúafunda.

Vert er að hafa í huga að kosningin sjálf, kynningin og umræðan sem henni fylgir, er einstakt tækifæri til að koma brýnustu málum Austurlands á framfæri bæði heima í héraði og á landsvísu, burt séð frá því hvort að af sameiningunni verður eða ekki.

## Markmiðið með sameiningunni

Markmiðið með sameiningunni er að búa til öflugt sveitarfélag sem skapar sóknarfæri til framtíðar. Stefnt er að einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu og fjölbreyttu atvinnulífi.

Með sameiningunni á að fást aukinn slagkraftur og ákveðnari rödd gagnvart stjórnvöldum. Markmið verkefnisins er í fullu samræmi við stefnu Alþingis og ríkisstjórnar í byggða- og samgöngumálum.

VALDIÐ ER  
HJÁ ÍBÚUNUM.





## Samgöngumál

Tryggar og skilvirkar almenningssamgöngur eru algjör forsenda fyrir því að vel takist við sameiningu sveitarfélaganna – að íbúar geti án alvarlegra hindrana sótt þjónustu, félagsstarf, ípróttir og tómstundir á milli byggðakjarna.

Vonast er til að sameinað sveitarfélag verði sterkari eining í bráðnaðsýnlegri hagsmunabaráttu fyrir bættum samgöngu- og byggðamálum. Eitt það allra mikilvægasta er að Fjarðarheiðargöng verði sett í framkvæmd, en sú krafa hefur fengið stuðning nýlega í niðurstöðu nefndar ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála.

Þrýst verður á um að lokið verði við Axarveg, Borgarfjarðarveg og að Egilsstaðaflugvöllur verði alþjóðaflugvöllur – framtíðar flughlið að landinu.



## Landfræðilega langstærsta sveitarfélag landsins

Með sameinuðu sveitarfélagi verður til landfræðilega langstærsta sveitarfélag landsins með fjóra byggðakjarna og umfangsmikið dreifbýli. Íbúafjöldi verður tæplega 5000.



## Sérstaða hvers samfélags

Mikil áhersla verður lögð á að halda sérstöðu hvers hinna eldri sveitarfélaga fyrir sig sem sjálfstæðu, lifandi og virku samfélagi.

Ný menningarstefna verði mótuð fyrir nýja sveitarfélagið þar sem verður lögð sérstök rækt við menningarstarfsemi og hlúð að grasrótinni á hverjum stað. Menningarhús og félagsheimili verða áfram í hverri byggð sem og menningarviðburðir og hátíðir.

## Heimastjórnir

Stjórnskipulag nýja sveitarfélagsins á að byggja á einfaldri og skilvirkri stjórnsýslu með sterkri tengingu við hvert byggðarlag í gegnum heimastjórnir.

Heimastjórnir eru ný hugmynd í stjórnsýslu á Íslandi og veigamikil skref í lýðræðisátt. Með tilkomu þeirra verður valdi dreift og áhrif heimamanna tryggð. Þrír fulltrúar skipa heimastjórnir, tveir kosnir beinni kosningu og einn sem á sæti í sveitarstjórn.

Heimastjórnir sjá um þau verkefni sem standa íbúum næst og þeir þekkja best, eins og til dæmis náttúruvernd og afgreiðsla deiliskipulags.

- Heimastjórn Djúpvogi 
- Heimastjórn Borgarfirði 
- Heimastjórn Seyðisfirði 
- Heimastjórn Fljótshálsa 

Sveitarstjórn leggur aftur á móti meginlínurnar. Skrifstofur verða á hverjum stað.

Með heimastjórnnum er verið að bregðast við þeirri gagnrýni að jaðarbyggðir missi áhrif í sameinuðum sveitarfélögum.

### Sveitarstjórn



#### Byggðaráð



Fjármál og stjórnsýsla.

#### Fjölskylduráð



Fræðslumál, félagsþjónusta, menning og frístundir.

#### Umhverfisráð



Umhverfismál, skipulags- og byggingamál.



## Skólamál

Leik- og grunnskólar verða áfram á hverjum stað en sérfræðiþjónusta og faglegur stuðningur við skóla verður aukinn. Með sameiningu á að fást aukinn slagkraftur í uppbyggingu framhalds- og háskólanáms.

Stefnt er að því að fjarþjónusta við nemendur og kennara verði aukin og símenntun efl.



## Fjármál

Sameinað sveitarfélag ætti að verða fjárhagslega sterkt og geta staðið við núverandi skuldbindingar, greitt niður skuldir og um leið sinnt viðhaldi og framkvæmdum.

Hagkvæmni stærra sveitarfélags og betri nýting fjármuna á að leiða af sér bætt þjónustu, styttri biðtíma eftir sérfræðingum og aukna skilvirkni.



## FRAMFARIR Í FJARMEDFERÐUM SÁLFRÆÐIÞJÓNUSTA TALMEINAÞJÓNUSTA VIÐTALSMEÐFERÐIR



### Atvinnumál

Framtíðarsýnin er að sameinað sveitarfélag stuðli að vistvænu samfélagi fyrir íbúa og atvinnulíf með áherslu á nýsköpun, þróun og þekkingarsköpun.

Sameinað sveitarfélag verður með fjölbreytt atvinnulíf og ætti því að eiga auðveldara með að takast á við sveiflur í atvinnu- og íbúaþróun. Sjávarútvegur, verzlun, þjónusta, ferðaþjónusta, fiskeldi og landbúnaður verða áfram helstu stöðirnar.

Skapaðar verða aðstæður fyrir vaxtasprotu í nýsköpun, þróun- og þekkingu. Aukin og sterkari krafa verður sett fram um að fjölga opinberum störfum án staðsetningar og að atvinnugrundvöllur í nýsameinuðu sveitarfélagi verði styrktur.

### Félagsleg þjónusta

Hagkvæmni stærra sveitarfélags og nýjar rafrænar lausnir eiga að leiða af sér bætta þjónustu, styttri biðtíma eftir sérfræðingum og aukna skilvirkni.

Í bættri þjónustu felst m.a. að þjónusta við börn og fjölskyldur verði samþætt með hagsmuni barna í forgrunni og að þjónusta við eldri borgara verði eflað með það að markmiði að fólk geti notið ævkvöldsins í heimabyggð.

### Kynningarfundir

Kynningarfundir vegna sameiningarkosninga verða haldnir í öllum þéttbýliskjörnum byggðarlaganna. Verða þeir auglýstir á heimasíðum sveitarfélaganna, þegar nær dregur. Skorað er á íbúana að koma á fund í sinni heimabyggð og kynna sér sameiningarmálin.

### Ítarlegra kynningarefni

Á heimasíðu sameiningarinnar – [svausturland.is](http://svausturland.is) – er að finna mikið magn af haldgóðum upplýsingum um sameininguna. Þar á meðal fundargerðir og minnisblöð starfshópa Samstarfsnefndarinnar, spurt og svarað um fjölbreytt málefni, svör við fyrirspurnum og margt fleira.

### Kosið utan kjörfundar

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla verður möguleg í hverju sveitarfélagi síðustu 3 vikur fyrir kjördag.

### Á Borgarfirði

Á Hreppsstofu á opnunartíma skrifstofunnar.

### Á Fljótsdalshéraði.

Bókasafn Héraðsbúa milli kl. 15:00 og 18:00 virka daga. Á skrifstofu sýslumanns á opnunartíma skrifstofunnar.

### Á Djúpavogi.

Skrifstofu Djúpavogshrepps á opnunartíma skrifstofunnar.

### Á Seyðisfirði.

Á skrifstofu sýslumanns á opnunartíma skrifstofunnar.

Í sameiningarkosningum eiga námsmenn sem búsettir eru á Norðurlöndunum rétt á því að vera teknir á kjörskrá en þeir þurfa að sækja sérstaklega um það hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu [eyðublaði \(K-101\)](http://eyðublaði (K-101)) ásamt því að skila inn staðfestingu á námsvist. Hægt er að kjósa í sendiráðum Íslands í viðkomandi landi.

### Ábyrgðaraðili

Samstarfsnefnd sveitarfélaganna.